

## A 1751/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Þingmannatillaga um fjármögnun Norrænnar kvikmyndanefndar

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stofni Norræna kvikmyndanefnd og leggi til stofnfé úr fjárhagsáætlun ársins 2019, sem nemi 4 milljónum norskra króna.

### Bakgrunnur

Kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein um allan heim. Með fjárfestingum í kvikmyndagerð er hægt að auka ferðamennsku á Norðurlöndum. Náttúrufergurð og einstök birta Norðurlanda gera þau einkar eftirsóknarverð fyrir alþjóðlega kvikmyndagerð. Öryggi ríkir í okkar heimshluta og enskukunnátta fólksins er almennt góð. Velferðarlíkanið er einnig öflugt vörumerki.

Á Norðurlöndum starfa framsæknir leikstjórar og þekktar kvikmyndir eru t.a.m. Brúin (*Bron*), Wallander, Maður án fortíðar (*Mies Vailla Menneisyttä*) og Skam. Með því að þróa hæfileika efnilegs fólks á staðnum og skapa því vinnu tryggjum við lifandi kvikmyndagerð í Skandinavíu. Kvikmyndir eru öflug samskiptaleið sem höfðar til margra, skapar sjálfsmynd og byggir upp vörumerki sem hefur jákvæð áhrif. Markmið okkar er að laða að alþjóðlegt kvikmyndagerðarfólk til Norðurlanda. Á undanförunum árum hefur Norðurlandaráð lagt áherslu á ferðamennsku og þau sóknarfæri sem þar leynast. Það væri náttúrulegt skref fyrir Norðurlandaráð að fjárfesta í Norrænni kvikmyndanefnd í því skyni að auka sjálfbæra ferðamennsku á Norðurlöndum. Þegar einstök náttúra Norðurlanda birtist í kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröðum um allan heim virkar hún eins og norræn auglýsing sem vekur áhuga erlendra ferðamanna á svæðinu.

Tólf kvikmyndanefndir á Norðurlöndum starfa nú saman að því að markaðssetja Skandinavíu/Norðurlönd sem hentugasta tókustað kvikmynda í heimi. Unnið er í samstarfsnetinu Scandinavian Locations, sem rekið er af sjálfboðaliðum. Víðast hvar á Norðurlöndum starfa innlend kvikmyndaverkefni að því að tengja saman innlenda og erlenda kvikmyndagerð. Alþjóðlega er töluverð samkeppni um að bjóða upp á tókustaði fyrir stór kvikmyndaverkefni. Með formlegra samstarfi gætu Norðurlöndin bætt samkeppnisstöðu sína.



Flokkahópur jafnaðarmanna telur að kvikmyndagerð sé mikilvægt forgangsverkefni sem geti skapað nýja starfsemi, atvinnu og velmegun, en einnig stuðlað að framþróun norræna vörumerkisins. Kvikmyndagerðin mun einnig hafa gagnleg áhrif á allar aðrar atvinnugreinar sem eru í örum vexti, þar á meðal ferðaþjónustu.

Reykjavík, 19. september 2017

Annette Lind (S)	Maarit Feldt-Ranta (sd)
Erkki Tuomioja (sd)	Odd Omland (A)
Eva Sonidsson (S)	Oddný Harðardóttir (A)
Gunvor Eldegard (A)	Orla Hav (S)
Irene Johansen (A)	Peter Johnsson (S)
Johan Andersson (S)	Phia Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)	Pyry Niemi (S)
Karen J. Klint (S)	Rikard Larsson (S)
Karin Gaardsted (S)	Sonja Mandt (A)
Kjell-Idar Juvik (A)	Suzanne Svensson (S)
Kåre Simensen (A)	Tony Wikström (ÅSD)
Lennart Axelsson (S)	